



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2590  
komudagur 28.5.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2010  
Tilvísun: 1350

**Málefni: Umsögn - Þskj. 939 - 549 mál**


Mál varðar umsögn um:  
Þskj. 939 - 549 mál. Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga.

Sendandi/umsagnaraðili:  
Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, Borgartúni 7A, 105 Reykjavík.

Framkvæmdasýsla ríkisins lýsir yfir ánægju sinni með frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga og telur frumvarpið vera mikilvægt skref til að uppfylla markmið sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins Markmið þ.e. "að byggja upp og viðhalda grunngerð landupplýsinga á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi."

Stofnunin sér ekki ástæðu til að gera aðra athugasemd við frumvarpið en að benda á mikilvægi þess að halda gjaldtöku í lágmarki með vísan til 11. gr. frumvarpsins, *Gjaldtaka* - þar sem gjaldtaka getur virkað sem þröskuldur og þar með hindrað aðgengi að gögnum sem um ræðir.

Virðingarfyllt  
f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins

  
Berglót S. Einarsdóttir